

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á visir.is

APRÍL 2021

4. tbl. 28. árg.



Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:

Mán: 11-16

Pri-fös: 11-18

Lau 11-16

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5
Viðtal við
Rakel Þórhallsdóttur
rithöfund
og kennara



Samspil listar og lita nýtur sín á endurgerðu torgi í Mjóddinni í Breiðholti. Breiðholtskirkja er í baksýn.

Öll lyf á
lágmarksverði
og samheitalyf
líka!



Litadýrð í Mjóddinni

Litadýrð er í fyrirrúmi á endurgerðum torgum í Mjóddinni en öll torgin þrjú hafa fengið allsherjar andlitslyftingu eftir vel heppnaða endurgerð sem er nú að mestu lokið.

Búið er að endurnýja hellulagnir, setja snjóbræðslu á helstu gönguleiðir og planta gróðri í upphækkuð blómaker. Ahersla er lögð á að auka yndi og ánægju vegfarenda með lit og lýsingu. Þarna er að finna spennandi ljósalistaverk í mörgum litum, litskrúðuga og öðruvísi hjólaboga, túlpanasæti og ljóslínur í hellulögn. Heildarhönnun svæðisins fær að njóta sín á öllum árstíðum og allan sólarhringinn.
Meira á bls. 2.

 **Brynja**

Við opnum fljótlega
nýja ísbúð í Lóuhólum!

 **Brynja**

**Þitt hverfi hefur hækkað
einna mest síðastliðið ár.**

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

VIÐ  BREIÐHOLTID



OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

Iceland

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrót: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

4. tbl. 28. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Mikilvægir sendiherrar

Búið er að ráða fólk til þess að sinna störfum tengiliða í tengslum við það verkefni að ná til barna, ungmenna og foreldra af erlendum uppruna og kynna þeim þá möguleika sem þeim stendur til boða í íþrótt- og félagsstarfi. Tengiliðirnir hafa hlotið heitið “sendiherrar”.

Nauðsynlegt er að nálgast aðkomu fólk af gætni. Leyfa því að finna að það er velkomið og bjóða því félagslega þátttöku í sjálfsögðu starfi sem það hefur ef til vill ekki áttað sig á.

Fólk sem flutt hefur hingað til lands kemur frá ýmsum löndum, samfélögum og menningarheimum. Sumir geta verið um margt ólíkir okkar menningu og samfélagi.

Það er ekki einvörðungu tungumálið sem skiptir máli þótt málskilningur sé nauðsynlegur. Að átta sig á og skilja hvað samfélagið hefur að bjóða er ekki síður mikilvægt.

Því hefur verið valið fólk með uppruna í þeim löndum, málsamfélagi og menningarheimum sem um er að ræða til þess að sinna þessu mikilvæga verkefni. Fólk sem þekkir tungu og ekki síður þá menningarheima sem aðflutt fólk kemur frá.

Ein þeirra er Maria Sastre. Fædd upp alin á Spáni. Eðlisfræðingur að mennt og hefur búið og starfað í nokkrum löndum – þar á meðal um lengri tíma í Breiðholti á Íslandi.

Maria leggur áherslu á nauðsyn þess að kynna alla möguleika fyrir aðkomnu fólk. Margt af því þekki ekki nægilega vel til samfélagsins og þess hvað því býðst. Oft séu sambærilegir möguleikar ekki fyrir hendi í fyrrum heimahögum þess.

Starf “sendiherranna” er mikilvægt. Ekki síst fyrir þá hugsun sem lögð er að baki þess. Þá hugsun að verið sé að kynna fólk hluti sem oft geta verið nýmæli í hugum þess.

Margbrotið hlutverk túlípana í Mjóddinni

Það kennileiti sem vekur hvað mesta athygli á endurgerðu umhverfi í Mjóddinni samanstendur af 16 túlípönum sem komið hefur verið fyrir milli Þangbakka 8 til 10 og Mjóddarinnar. Túlípanarnir þjóna ekki einungis fagurfræðilegum tilgangi heldur nýtast þeir einnig sem þægileg snúningssæti og ruslatunnur taka meira að segja á sig hið sveigða form túlípana. Þegar kvöldi tekur er svæðið lýst upp á litríkan og lifandi máta sem setur sterkan svip á torgið.

Lögð var áhersla á að skapa aðlaðandi rými með bekkjum, gras- og gróðursvæðum skipt með eyjum úr corten-stáli og hellulögn. Þarna eru litríkir ljósrammar sem hvetja fólk til að staldra við, leika sér og taka myndir. Rammarnir eru um það bil tveir til þrjú metrar í þvermál, auk þess er þeim snúið um miðás þannig að úr verður áhugavert form sem er breytilegt eftir sjónarhorni. Í römmunum eru einnig lampar sem endurkasta liti rammanna út í umhverfið. Rammarnir bjóða því upp á ólíka stemmingu eftir því hvort að það er dagur, ljósaskipti eða nótt.



Túlípanarnir nýtast sem þægileg snúningssæti og ruslatunnur.

Götulýsing var einnig endurnýjuð með það að leiðarljósi að auka öryggistilfinningu en auk þess að búa til þægilega og aðlaðandi stemmingu. Landmótun sá um landslagshönnun og Liska um lýsingar- og rafmagnshönnun en NNE verkfræðistofa hefur svo

haldið utan um eftirlit með verkframkvæmdinni.

Það er því kjörin ástæða til að kíkja í Mjóddina hvort sem er um dag eða kvöld og njóta þessara nýppgerðu torga sem setja skemmtilegan svip á þetta líflega verslunar- og þjónustusvæði.

Heilsugæslan í Efra-Breiðholti Hraunbergi 6 s 513 5300



- 8-16
 - Viðtalstímar heilbrigðisstarfsmanna
 - Símatímar lækna
 - Símaráðgjöf hjúkrunarfræðinga
 - Móttaka vegna smáslysa og bráðra veikinda
- 16-17
 - Móttaka lækna vegna smáslysa og bráðra veikinda

Við minnum á að ráðlegt er að koma árlega í eftirlit með langvinnum sjúkdómum svo sem sykursýki og háþrýstingi

Hraunberg Primary Health Care Hraunberg 6 tel 513 5300



- 8-16
 - Appointments with health care staff
 - Telephone consultations with doctors and nurses
 - Walk-in service for minor injuries and sudden illnesses
- 16-17
 - Walk-in service minor injuries and sudden illnesses

We kindly remind those with chronic illnesses such as diabetes or high blood pressure to have yearly check ups



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

Velkomin í FB



Fjölbreytt nám í skapandi umhverfi

- Fata-og textílabraut
- Myndlistarbraut
- Félagsvísindabraut
- Framhaldsskólabraut
- Íþróttabraut
- Náttúruvísindabraut
- Opin braut
- Tölvubraut
- Húsasmiðabraut
- Rafvirkjabraut
- Sjúkraliðabraut
- Snyrtibraut

Ný braut: Nýsköpun, hönnun og listir

Nemendur verða að hafa lokið stúdentsprófi, starfsnámsprófi eða sambærilegum prófum.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.fb.is



@fbskoli



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

VIÐTALIÐ

Fannst ég verða að fjalla um einelti á áhugaverðan hátt

- segir Rakel Þórhallsdóttir rithöfundur og kennari í Breiðholtsskóla

Fyrir rúmum mánuði kom út unglingabók á vegum bókaútgáfunnar Leó. Bókin nefnist Martröð í Hafnarfirði og segir frá Jóni Pétri sem er að byrja í sjöunda bekk. Hann hlakkar ekki til að byrja nýtt skólaár. Hvers vegna. Hann hefur verið vinafár og fótboltastrákurinn áreita hann nær daglega. Ekki skánar ástandið þegar bekkurinn fær nýja, undarlegan, kennara. Stuttu síðar fara skrítnir og óhuggulegir hlutir að gerast í Hafnarfirði þegar einn fótboltastrákurinn hverfur sporlaust. Í kjölfarið hefst óuttreiknanleg atburðarás, sem aðeins Jón Pétur og nýju vinir hans virðast geta stöðvað. Bókin fjallar um eineltismál en höfundurinn litar frásögnina spennu til þess að halda lesendum betur við efnið. Höfundur bókarinnar er Rakel Þórhallsdóttir. Rakel er kennari og starfar við Breiðholtsskóla – er umsjónarkennari í fjórða bekk. Rakel settist niður með Breiðholtsblaðinu á kaffihúsinu Cocina Rodríguez í Gerðubergi á dögunum.

Rakel er með BA próf í lögfræði en ákvað eftir það að snúa sér að námi í kennslufræðum og síðar kennslustörfum. Hún fór meðal annars til Danmerkur og síðar Laos í Austur Asíu til kennslustarfa eftir að hafa séð auglýst eftir enskukennara þar. Dvölin þar varð þó skemmri en ætlað var vegna kórónaveirufaraldurins. Hún ákvað að snúa heim fremur en að eiga á hættu að lokast í landinu vegna ferðatakmarkana. Rakel er ekki ókunnug Hafnarfirði. Hún ólst þar upp um skeið þar sem faðir hennar séra Þórhallur Heimisson var prestur. Hann starfaði einnig við Breiðholtskirkju um tíma en sinnir nú prestsstörfum í Uppsala í Svíþjóð. Rakel hefur erfitt áhuga á skrifum frá föður sínum og einnig ferðalögum því auk prestsstarfa og námskeiðahalds er hann þekktur fararstjóri sem fylgt hefur ferðalögum víða um heim.

Þá varð ekki aftur snúið

Hvað kom til að Rakel ákvað að skrifa barnabók. „Eftir að ég byrjaði að kenna fór ég að velja fyrir mér hugmyndum um kennara sem ekki væri allur þar sem hann væri séður. Væri dularfullur náungi með eitthvað í pokahorninu sem fólk vissi ekki um. Ég þróaði hugmyndina aðeins innra með mér en settist svo niður og fór að skrifa. Þá varð ekki aftur snúið. Ég

hélt áfram og ákvað að koma inn á einelti sem er vandamál í mörgum skólum. Ég hef séð hversu einelti getur haft slæm áhrif á krakka og ungmenni. Mér fannst ég verða að setja mig í stöðu þolanda eineltis en ákvað um leið að bókin yrði að hafa yfirbragð spennusögu. Spennan gæti verið nauðsynleg leið til að koma þeim skilaboðum sem ég vildi koma á framfæri við lesendur. Fjallað um málið á áhugaverðan hátt. Ungmenni dragast oft meira að spennukenndu lesefni en því sem einkum einkennist af vandamálasögum. Mig langaði því að skoða málin frá tveimur sjóarhornum. Annars vegar einelti en hins vegar að skapa spennu.“

Vildi nota umhverfi sem ég þekkti

Fannst þér Hafnarfjörður góð fyrirmynd að þessu tvennu. „Ég óst upp á Fálkahrauninu í Hafnarfirði. Rætur uppeldis míns eru í Hafnarfirði. Æskulóðir mínar eru þar. Fálkahraunið ber keim af sænsku umhverfi. Er svolítið eins og hverfi í bæ í Svíþjóð. Vinalæg hús við fremur fáfarna götu. Ég lék mér mikið í hrauninu þegar ég var krakki. Hraunið er dularfullt og getur geymt hvað sem er. Mér fannst því ekkert annað koma til greina en nota þetta umhverfi sem ég þekki svo vel. Hafnarfjörð og hraunið.“



Rakel Þórhallsdóttir með nýttkomna bók sína Martröð í Hafnarfirði.

Frá lögfræði til kennslufræða

Rakel var búin að ljúka lögfræðinámi til BA prófs. Þá snéri hún af leið og fór að nema kennslufræði. Hvað kom til? „Ég hafði ekki áhuga á að fara að starfa sem lögfræðingur. Ég get hoppaði í það síðar og lokið embættisprófinu ef mér skyldi snúast hugar. Ég fór að vinna við Klettaskóla um tíma 2016 og fann þá að mig langaði að vinna með börnum. Þá var búið að breyta reglum í Háskólanum þannig að ég gat tekið masterinn í óskyldri

grein. Lögfræðin nýttist mér því sem undirbúningsnám. Þannig byrjaði þetta. Ég hafði flutt úr Hafnarfirði þegar ég hóf laganámið og bjó á stúdentagördunum á Háskólasvæðinu. Pabbi vildi auðvitað halda utan um stelpuna sína en mig langaði að prufa eitthvað annað – eitthvað nýtt. Þótt ég hefði sterk tengsl við Hafnarfjörð þá voru þau ekki órjúfanleg. Ég hef stundum rætt um tengsl við áttthaga við manninn minn en hann kemur úr Kópavogi. Við búum í Reykjavík í dag. Hvorugt á æskulóð.“

Hef sitt lítið frá hvoru

Rakel virkar ungleg og þegar hún er spurð hvort hún sé 25 ára bætir hún fimm árum við. „Nei - ég er þrítug hvort sem einhver vill trúna því. Þjóðskráin segir það alla vega. Ég er mjög lágvaxin og það kann að skýra að fólk heldur að ég sé yngri en ég er. Það eru móðurgenin. Mamma er lágvaxin öfugt við pabba sem er meira en einn og níutíu upp í loftið. Ég hef útlitið frá mömmu. Skrif- og ferðaþörfin kemur frá pabba. Ég hef sitt lítið frá hvoru.“

Langaði að gera eitthvað brjáláð

Svo kom Laos til sögunnar. „Já - ég fór að kenna í Breiðagerðisskóla. Við þurftum að velja okkur skóla með náminu og ég lenti þangað. Eftir að hafa verið þar í eitt ár langaði mig til að gera eitthvað alveg brjáláð. Ég lagðist í netið og fór að huga eftir auglýsingum um lausar kennarastöður. Ég hafði verið að horfa til Kína en fannst of mikil skrifinnenska fylgja því að fá atvinnuleysi þar. Þetta enti með að ég rakst á auglýsingu frá Laos. Laos - já af hverju ekki. Ef mig langaði til þess að gera eitthvað brjáláð þá var Laos nægilega langt í burtu og ólíkt land. Þarna hlyti ég að geta lent í einhverju eftirminnilegu. Ég sótti um og fékk stöðu enskukennara. Íbúar Laos tala sérstakt tungumál Laosku sem hvergi er töluð annars staðar en er skyld Tælensku og Vietnómsku. Eins langt frá okkar tungumáli eða ensku og hugsast getur. En það kom ekki að sök. Kennslan fór fram á ensku og starfsfólkið við skólann gat bjargað sér á því máli. Ég lærði lítið í tungu innfæddra. Þurfti að læra tölurnar til að þess að geta keypt í matinn því ef maður fór á markaðinn þá skyldi enginn ensku þar. Dvölin varð styttri en í upphafi var áætlað vegna þess að þegar covidfárið skall á heiminum varð hætta á að maður gæti lokast þarna

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin



Frá Laos. Búddamunkar í Laos færa fólki mat.
Mynd: Rakel.

inni. Ég vildi frekar fara heim þótt ég kynni að missa af einhverjum ævintýrum en þurfa að lokast í landinu í mánuði eða jafnvel ár vegna samgönguleysis.

Laos lítið í fréttum hér

En hvað er Laos. Rakel brosir. „Von að spurt sé. Landið er lítið í fréttum hér og við vitum örugglega mun minna um það en nágrannalönd þess Vietnam og Tailand. Landið er í Suðaustur Asíu og á landamæri að Kína í norður, að Vietnam í austur, að Kambódíu í suður og að Tailandi í vestur.

Laos heitir Alþýðulýðveldið Laos eða Sathalanalat Paxathipatai Paxaxon Lao á laosku. Laos var frönsk nýlenda í rúmlega hálföld en fékk sjálfstæði 1949. Þá tók við borgarastyrjöld sem stóð fram til 1975 þegar hreyfing kommúnista náði völdum í landinu. Laos er enn talið til þeirra landa sem búa við minnst efnahagslegt og pólitískt frelsi. Íbúar landsins skiptast í fjölmörg þjóðarbrot en um það bil 70% tilheyrir Lao-fólkinu. Þegar landið fékk sjálfstæði frá Frökkum var einungis örlítil hópur tengdur aðalsmönnum sem hafði einhverja

formlega menntun að undanskilinni klausturmenntun munkna og nunna. Um 1960 var farið var að byggja upp menntakerfi að nútímasniði. Eftir valdatöku Pathet Lao 1975 flúðu flestir þeirra sem höfðu einhverja æðri menntun land og þar á meðal margir betur menntaðir kennarar þótt aðfarir kommúnista væru ekki jafn grimmilegir í nágrannaríkinu Kambódíu. Skyldunám er fimm ára grunnskólaskylda og um 70% hvers árgangs ljúka honum. Þrátt fyrir það er áætlað að um helmingur Laosbúa séu enn ólæsir.“

Meningarsjokk að koma þangað

Hvernig var upplifunin að koma á meðal þessarar farandi þjóðar. Rakel segir menningarsjokk koma þangað. „Hitinn var allt að 40 gráður og mikil mengun í loftinu. Málleysið gerði mann líka svolítið minni máttar. Maður fór þó fljótt að finna fyrir væntumþykju og fólkið sem ég umgekkst var boðið og búið að hjálpa til. Maður skynjaði líka fljótt muninn á ríkum og fátækum. Sumt fólk bjó í húsnæði sem manni virtust vera hálfgerðir kofar en svo voru glæsihýsi þar á milli. Matarlyktin er sterk í andrúmsloftinu, munkar voru að færa fólki mat og smám saman fór maður að finna fyrir sjarmanum í borginni. Þegar út fyrir borgirnar er komið blasir víðast við mikil náttúrufegurð. Ferðamaðurinn í þabba vaknaði að sjálfsgöðu og foreldrar mínir komu í heimsókn. Gátu ekki sleppt þessu en fengu eins og ég dálítið menningarsjokk við komuna. Ég er viss um að þegar ástandið batnar og ferðalög verða aftur möguleg þá á ég eftir að fara aftur til Laos.“

Ferðabráin gæti gripið í mig

Og nú ertu komin í Beiðholtið til að kenna. Hvernig líkar þér vistin þar. „Þegar ég kom heim frá Laos

var ég atvinnulaus. Ég notaði tímann til þess að fullvinna bókina mína og búa hana undir prentun. Svo fór ég að leita eftir vinnu. Ég skoðaði eitt og annað og eitt af því sem ég rakst var að kennara vantaði við Breiðholtsskóla. Ég þekkti lítið til Breiðholtssins en sá að þarna gæti verið komið tækifæri. Frétti að góðir hlutir væru að gerast þar. Ég sótti um og ekki varð aftur snúið. Ég fann fljótt að ég hafði greint þetta tækifæri rétt. Þetta er flottur skóli. Fólk stendur saman um skólafélag og fólk líður almennt vel. Bæði nemendum og starfsfólki. Ég er að kenna fjórða

bekk. Er umsjónarkennari þar. Við erum með nemendur af ýmsum þjóðernum og margir þeirra eru með annað móðurmál en íslensku. Tungumál sem talar er á heimilum þeirra og í fjölskyldum. Fjölbreyttur nemendahópur býður upp á fjölbreyttari kennsluaðferðir og kennarahópurinn er metnaðarfullur. Já – ég býst við að verða þar eitthvað áfram. Ég er ekki að fara neitt á meðan covidástandið ríkir. Svo gæti ferðabráin gripið í mig á ný. Aldrei að vita.“



komdu á deit

er ástin á næsta leiti?

Spennandi stefnumótavefur
- fyrir 18 ára og eldri

30 daga áskrift aðeins 999 kr.

Deit.is þar sem þú finnur hamingjuna



BÍLAVIDGERÐIR

BÍLHÚSIÐ

www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.

Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasali
Sími: 865 4120



Þróstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórolfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson
hdl. og löggiltur fasteignasali
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur fasteignasali



Harpa Rún Glad
hdl. og löggiltur fasteignasali



Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Breiðholt með hæsta íbúaráðastyrkinn



Íbúaráð Breiðholts hlaut hæsta styrk allra íbúaráða í borginni eða 4.530.000 krónur. Auglýst hefur eftir verkefnum og viðburðum sem ætlað er að stuðli að auknu mannlífi, menningu, félagsauði og lífsgæðum í hverfunum árið 2021.

Íbúðaráðsáskjalurinn nam alls kr. 30.000.000 að þessu sinni. Miðað er við að íbúaráð sem eru nú talsins, fái milljón hvert en afgangurinn deilist til íbúaráða eftir íbúafjölda hverfanna. Íbúafjöldi Breiðholts hefur þannig haft áhrif á styrkveitinguna.

Mýrlendi

- sýning í borgarbókasafninu í Gerðubergi

Myndlistarsýningin Mýrlendi verður opnuð í Borgarbókasafninu í Gerðubergi 3. maí n.k. og stendur yfir til 17. maí. Sýningin er hluti af dagskrá barnamenningarhátíðar í safninu.

Á sýningunni sýnir þýska myndlistarkonan Moki verk sín; teikningar, skúlptúra og textílvörk, sem byggja á myndasögu hennar Sumpfland eða Fenjasvæði, sem kom út árið 2019. Í bókinni sameinar Moki stutta þætti í flókna frásögn um líf og dauða, um menntun, samfélag og hina stanslausu leit að merkingu. Hún tekur lesandann með í ferðalag um heillandi heim þar sem menn, dýr, plöntur og furðuverur lífa saman og þurfa, hver á sinn hátt, að horfast í augu við stórfelldan skaða á umhverfi sínu. Hið kunnuglega er framandgert frá sjónarhorni hins ímyndaða heims svo lesandinn fær tækifæri til að hugsa allt upp á nýtt. Á sýningunni Mýrlendi vakna persónur úr bókinni til lífs og áhorfandinn fær að upplifa framandi landslag hins ímyndaða heims. Sýningin er opin á opnunartímum safnsins.



Moki við eitt verka sinna.

Gerðuberg

Salka Sól í

Handverkskaffinu

Salka Sól verður í Gerðubergi miðvikudaginn 5. maí næst komandi. Þó ekki til að syngja eins og henni er lagið heldur til þess að kynna annað áhugamál og verkefni sitt.

Salka heimsækir handverkskaffið en hún sló í gegn um jólin með sinni fyrstu þrjónabók sem hún gaf út ásamt Sjöfn Kristjánsdóttur, þrjónahönnuði, í samstarfi með Stroff.is. Salka ætlar að deila þrjónasögu sinni með handverkskonur og sýna verkefni á þrjónunum auk þess að segja frá segja frá bókinni og ýmsu fleira. Á kaffistundunum í handverkskaffinu er komið víða við, hvort sem áhuginn er á handverki, bókmenntum, heimspeki eða þjóðlegum fróðleik svo fátt eitt sé nefnt. Handverkskaffið fær til sín góða gesti sem kynna hugðarefni sín í máli og myndum auk þess sem áheyrendur taka virkan þátt í umræðunum.



Salka Sól og Sjöfn með þrjónana.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utforin.is



Sverrir Einarsson



Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Störf á heimilum fyrir fatlaða í Breiðholti

Heimili fyrir fatlaða í Breiðholti vantar flott starfsfólk í sumarafleysingar og í fastar stöður.

Á heimilinu við Jöklasel býr fólk með einhverfu. Allir dagar hafa upp á eitthvað nýtt að bjóða og eru engir dagar eins. Mikið umbótarstarf hefur átt sér stað í starfseminni í Jöklaseli þar sem markmiðið er að veita framúrskarandi þjónustu við íbúa. Unnið er á vöktum og er starfshlutfall eftir samkomulagi.

Frekari upplýsingar gefur Ólafur Árni Jónsson,
Tölvupóstur: olafur.arni.jonsson@reykjavik.is Sími: 5611180.

Nýr íbúðakjarni í Árskógum óskar eftir að ráða stuðningsfulltrúa til starfa við í Árskógum. Kjarninn leitar eftir jákvæðum, duglegum og góðhjörтуðum einstaklingum. Hér er á ferðinni skemmtilegt tækifæri til að vera þátttakandi í að móta góða þjónustu og koma henni vandlega til skila. Þar vantar líka í fastar stöður stuðningsfulltrúa.

Frekari upplýsingar gefur Ellen Björg Björnsdóttir,
Tölvupóstur: ellen.bjorg.bjornsdottir@reykjavik.is Sími: 8218798.

Heimilið Tindaseli er heimili fyrir fatlað fólk með miklar umönnunarþarfir.

Óskar eftir hressum, duglegum og drífandi stuðningsfulltrúum í sumarafleysingar.

Einnig vantar í fastar stöður 75- 90 % starfshlutfall. Unnið er á vöktum, morgun, kvöld, nætur og helgarvöktum.

Frekari upplýsingar gefur Matthías Ágúst Ólafsson,
Tölvupóstur: matthias.agust.olafsson@reykjavik.is Sími: 5870370

Hæfniskröfur í vinnu á heimilum fyrir fatlaða eru: Íslenskukunnátta.

Viðkomandi þarf að vera orðin 20 ára.

Góð almenn menntun. Bílpróf æskilegt.

Reynsla af vinnu með fötluðum æskileg.

Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.

Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæð vinnubrögð.

Hreint sakavottorð í samræmi við lög, sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Sameyki.



Reykjavíkurborg

Breiðholt

Valdefling
Sambætting
Framþróun

Stærsta verkstæði landsins í næsta nágrenni

Nesdekk Breiðhöfða 13.
Eitt fullkomnasta
hjólarðaverkstæði landsins.
Tímamantanir á nesdekk.is

Nesdekk Grjóthálsi 10.
Engar tímamantanir.
Þú mætir með bílinn
og ferð í röð.



Skoðaðu nýju heimasíðuna okkar **á nesdekk.is**
Þar er hægt að sjá verð á dekkjum okkar og panta sér tíma í dekkjaskipti!

Sjáðu úrvalið á
nesdekk.is

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080
Tímabókun

Grjóthálsi 10
110 Reykjavík
561 4210
Röð



Stærðin skiptir ekki máli á Breiðhöfða 13.

NESDEKK
Öryggi í umferð síðan 1996

Sendiherraverkefnið er til að miðla upplýsingum og fræða

Nú er búið að ráða tengiliði – svonefnda sendiherra að nýju verkefni á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Þeir hafa það verkefni að ná tengslum við börn og ungmenni og fjölskyldur af erlendum uppruna og kynna fyrir þeim hvað er í boði. Sendiherrarnir eru sjálfir að erlendum uppruna en hafa búið hér á landi um lengri tíma. Þeir koma frá mismunandi mál- og menningarsamfélögum þar sem um óskyld tungumál og mismunandi menningarlíf er að ræða. Sendiherra Þjónustumiðstöðvar gagnvart spænskumælandi fólki er María Sastre. María er fædd og uppalin á Spáni og vann þar sem eðlisfræðingur í kjarnorkuveri um árabil. Hún hefur einnig búið í Noregi og Hollandi og starfað sem geislaeðlisfræðingur á Landspítala háskólasjúkrahúsi. María hefur látið tungumál til sín taka og m.a. unnið fyrir HOLA, sem er félag spænskumælandi fólks á Íslandi og fyrir samtökin Móðurmál sem hafa það að markmiði að viðhalda tvítungu meðal barna sem hafa alist upp við önnur tungumál en íslensku. María settist niður með Breiðholtsblaðinu á Cocina Rodríguez í Gerðubergi á dögnum.

María býr í Breiðholti. Hún leggur áherslu á mikilvægi þess að fólk læri tungumálið í landinu þegar það kemur sér fyrir í nýju samfélagi. Sjálf lagði hún sig fram um að læra íslensku fljótt um leið og hún kom til landsins og lærði tungumálið vel á mjög skömmum tíma. María fékk vinnu á geislaeðlisfræðideild á Radiumhospitalet í Osló í Noregi og var þar í fimm ár. Hún segir að þetta hafi verið stór og fjölbreytt deild og vinnufélagarnir mjög góðir og hjálpsamir. En allt hafi

verið á norsku. Þá hafi hjálpaði sér að hafa lært íslensku og fyrir vikið náð fljótt tökum á norskunni enda tungumálin náskyld.

Markmiðið að vekja athygli fólks

María segir að nú sé að komast skipulag á þetta nýja starf. Sendiherrarnir séu búnir að hittast með Jóhannesi Guðlaugssyni íþrótt- og frístundatengli í Breiðholti og Þráni Hafsteinssyni verkefnastjóra fristunda og

félagsauðs hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Markmiðið sé að vekja athygli fólks sem kemur frá öðrum menningarsvæðum og talar önnur tungumál en íslensku á ávinning af því að nýta frístundir og tækifæri sem bjóðast. Í sínu tilviki sé um spænskumælandi fólk að ræða. „Við erum búin að búa til prógramm á spænsku til kynninga fyrir spænskumælandi fólk. Við viljum fá fullorðna fólk til leiks til að meta hvort og hvaða aðstoð það vill. Við erum líka með aðrar hugmyndir. Til dæmis að hittast með kaffi og kökur og einnig að vera með tónlistaratriði og leiki.“

Dregist vegna covid

María segir að ætlunin hafi verið að hefja þetta starf í apríl en þá hafi covid bylgja farið af stað og því hafi þetta dregist. Ef til vill verði að bíða haustsins með að fara í þetta af krafti. Hún segir að um tvö þúsund spænskumælandi íbúar séu í Breiðholti. Margt af því fólki sé frá Venesúela en einnig víðar að. Hún bætir við að þótt tungumálið skipti miklu í þessu sambandi skipti fleiri þættir máli. Nauðsynlegt sé að skilja hugsunarhátt fólksins. Hann geti verið annar en við eigum að venjast og fari eftir því hvaðan fólk komi. Hvar uppruni þess sé. Menningarleg samskipti séu því einn af sterku þáttunum í þessu starfi. Hún bendir á að sumt aðflutt fólk þekki alls ekki til félagsstarfs af þeim toga sem verið sé að kynna. Að samfélagið sé að bjóða börnum og ungmennum þátttöku



María Sastre eðlisfræðingur og sendiherra Þjónustumiðstöðvar Breiðholts gagnvart spænskumælandi íbúa.

í ókeypiss félagslífi hvor sem það eru íþróttir eða annað. Þess vegna sé nauðsynlegt að skýra þennan þátt í okkar menningu fyrir því og gera því kleyft að skilja hvað búi að baki.

Nauðsynlegt að hafa samstarf við skólana

María segir nauðsynlegt að vinna þetta í nánun samstarfi við skólana. Þeir séu í raun lykillinn að þessu verkefni. Vegna persónuverndar geti aðstandendur þess ekki safnað upplýsingum um fólk. Slíkt standist ekki lög þótt gæti verið auðveld leið til samskipta En einnig verði að líta til þess að

foreldrar séu fullorðið fólk og fara verði af gætni í allt inngrip í lífs þess. Enda sé þessu verkefni fyrst og fremst ætlað að kynna fyrir fólki hvað möguleika það eigi og hverju það á rétt á en ekki að stýra lífi þess. Sannleikurinn sé þá sá að sumir foreldrar sem komið hafa hingað til lands frá öðrum löndum átti sig ekki alltaf á þessu. Menning þess byggir á ólíkum forsendum og venjur skapast út frá því. „Við getum ekki breytt menning þessa fólks heldur veitt fólki aðstoð til þess að aðlagast nýjum veruleika og heimahögum. Sendiherraverkefnið er fyrst og fremst til að miðla upplýsingum til að fræða.“



Veiðitímabilið er byrjað!
Ertu búinn að fá þér Veiðikortið?

Frelsi til að veiða!

8.900 kr

Fæst hjá N1, OLÍS, veiðibúðum og veidikortid.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



opin - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is | Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, löggr.
fasteignasali og leigumíðlari.
896 5222



Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri, Löggr.
fasteignasali B.Sc.
693 3356



Snorri Snorrason
Löggr.
fasteignasali.
895 2115



Hildur Harðardóttir
Löggr.
fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri.
margret@valholl.is
588 4477



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm.
fasteignasali.
Snæfellsnesi
893 4718



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggr.
fasteignasali.
Lista og innanhús Stílisti.
892 8778



Sturla Pétursson
Löggr.
fasteignasali.
899 9083



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggr.
fasteignasali.
BA í stjórnmálafræði.
862 1110



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Fagleg og heildstæð Þjónusta á sviði brotamálms

Við tryggjum áreiðanlega meðhöndlun á brotajárninu og brotamálminum þínum með umhverfisvænum hætti

M MÁLMA
ENDURVINNSLAN

Við kaupum brotamálm

Millberry Kopar/Eir



ISK 500 á kg.

Brotajárn



ISK 6 á kg.

Kopar/Eir



ISK 465 á kg.

Brass/Messing



ISK 325 á kg.

Brons



ISK 325 á kg.

Kaplar



ISK 55 á kg.

Ryðfritt stál



ISK 100 á kg.

Ál



ISK 65 á kg.

Bly



ISK 110 á kg.

Zink



ISK 65 á kg.

Brotamálmur
þungur í bræðslu



ISK 6 á kg.

Rafmótorar



ISK 40 á kg.

Offset prentplötur úr áll



ISK 100 á kg.

Tungsten



ISK 400 á kg.

Brotastál



ISK 6 á kg.

Stálstrengir



ISK 7 á kg.

Spennubreytar



ISK 40 á kg.

Hvarfakútar



Leitið tilboða

M MÁLMA
ENDURVINNSLAN

Stangarhylur 7 110 Reykjavík Sími: 5199819
info@malma.is www.malma.is

AS WE GROW

Umhverfsvæn íslensk hönnun



NÝ SENDING AF DUGGARAPEYSUM

WWW.ASWEGROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

Frístundaheimilin í Breiðholti

Hreyfing og hlustun eflid

Frístundaheimilin í Breiðholti erum með nýtt verkefni í gangi sem heitir „Hreyfing og hlustun“. Markmiðið með því verkefni er að efla hlustun, hreyfingu og umhverfislæsi hjá börnunum með því að fara í gönguferðir um nágrennið þar sem börnin fá heyrnartól og hlusta á sögu á meðan á gönguferðinni stendur.

Börnum þykir þetta mjög skemmtilegt og finnst þessar ferðir oft óf stuttar þar sem þau gleyma sér í göngu við að hlusta á skemmtilegar sögur. Þetta er tækifæri fyrir börnin að kúpla sig útúr erli dagsins og njóta umhverfisins og hlusta á skemmtilega sögu í leiðinni. Að göngu lokinni ræða börnin saman um söguna sem verið var að hlusta á.

Starfsmenn frístundaheimilina í Breiðholti eru þessa dagana að byrja að undirbúa dagskrá sumarsins en eins og undanfarin sumur ætlum við að bjóða uppá fjölbreytt sumarstarf á öllum frístundaheimilum Breiðholts þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Skráning hefst þriðjudaginn 27. apríl n.k. Hægt verður að sjá hvaða námskeið er í boði á www.fristund.is



Börn úti að hreyfa sig og læra að hlusta á umhverfið.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

HÓLAGARÐUR

- Persónuleg þjónusta í vinalegu umhverfi -



AfroZone



Sarin
- nuddstofa



Ölduselsskóli

„Rætt til ritunar“

Fimmti bekkur í Ölduselsskóla hefur að undanfögnu verið að vinna að verkefni sem heitir „Rætt til ritunar“. Nokkur sýnishorn hafa verið birt á síðu skólans þar sem hugarflug krakkanna fær að njóta sín.

Frétt um leiðarbók

Krakkarnir í 5. bekk gerðu verkefni sem heitir Leiðarbók og var verkefni í landafræði. Við byrjuðum á verkefninu í endann á nóvember en við kynntum verkefnið í síðustu viku janúar. Við völdum okkur landshluta og skrifuðum um landshlutann sem við völdum okkur. Flestir völdu Norðurland eystra en það voru líka margir með annan landshluta. Við kynntum landshlutann fyrir bekknum. Í leiðarbókinni eru heimildaskrá, matseðill, inngangur, fjölskyldan, forsíðan og landshlutinn. Þegar við kynntum voru sumir með sínar myndir úr bókinni. Verkefnið var erfitt en við náðuðum að klára verkefnið á tveimur mánuðum. Höfundar: Kamil og Kornel.

My Monster Family

Hæ ég heiti Arlon, ég ætla segja ykkur frá verkefni sem 5. bekkur gerði í ensku það voru 4 til 5 saman í þessu verkefni. Í monster family þurftum við blað, blýant, l-pad og liti. Þú máttir teikna þín eigin skrímsli, það mátti líka fara í l-pad og teikna skrímsli það átti að teikna og skrifa um pabba, mömmu, afa, ömmu, bróðir, systir, frænda, frænka og gæludýr. Við þurftum að æfa okkur og vera tilbúin fyrir kynningu hjá Binnu.

Frétt um Show and tell

Hæ ég heiti Daníel E. Ég ætla að segja ykkur frá Show and tell sem var verkefni í ensku hjá 5. bekk. Við eigum að taka hlut að heiman og gefa öðrum nemendum vísbendingar og þau giska hvað er í pokanum. Þau fá þrjár vísbendingar ef þau giska ekki rétt sýnirðu það sem er í pokanum. Þetta byrjaði 1. mars. Einn kom með Rubix cube svo kom ein með bangsa en einn krakki tók lego

Leiðarbók

Fimmti bekkur í Ölduselsskóla unnu verkefni sem heitir Leiðarbók og er í landafræði. Leiðarbókin snýst um að maður býr til fjölskyldu og þau ferðast um landið. Hver nemandi valdi sér landshluta og bæ í landshlutanum, svo skrifuðum við um landshlutann, síðan bjuggu allir til fjölskyldu eða völdu sína eigin fjölskyldu og skrifa um hana og svo segir maður frá hvað þau gerðu þann daginn og skrifar hvernig allir í fjölskyldunni upplifðu dagsferðina. Maður bjó svo til matseðil, ferðatösku og póstkort. Margir skrifuðu í tölvum á meðan sumir hreinskrifuðu á blað. Flestir voru með dýr í fjölskyldunni, allar fjölskyldurnar voru mjög ólíkar. Við byrjuðum á leiðarbókinni í endanum á nóvember og kláruðum leiðarbókina í endann á janúar. Við kynntum þetta verkefni fyrir bekknum okkar í stofunni hennar Rebekku og við kynntum leiðarbókina alein sögðum frá leiðarbókinni, t.d. sögðum frá fjölskyldunni og lásam um einn fjölskyldumeðlim og lásam upp póstkortið, við sögðum frá þjóðsögunni okkar í stuttu máli og við sögðum hvað fjölskyldan gerði í dagsferðinni. Eftir að við vorum búin að kynna leiðarbókina var uppskeruhátíð hjá okkur og við fengum að koma með sparínesti og spil og svo horfðum við á mynd, spilum og töluðum saman. Höfundar: Auður Harpa og Bríet.

My Monster Family


Við nemendur í 5. bekk gerðum hópaverkefni í ensku og það hét My Monster Family. My Monser Family byrjaði 3. febrúar en við kynntum 16. febrúar. Við gerðum fjölskyldu úr skrímslum og máttum ráða hvernig tegund af skrímslum við gerðum. Til dæmis gerðu sumir engla, sjóskrímsli eða púka.

Við máttum velja ramma utan um myndirnar og textann og við þurftum að skrifa um hvern einasta fjölskyldumeðlim. Við skrifuðum eina til tvær setningar til dæmis sögðum við: my name is og meira. Svo kynntum við verkefni okkar fyrir hinum.

Höfundar: Elísa Ósk og Katrín Huld.



Krakkar í fimmta bekk Ölduselsskóla hafa að undanfögnu unnið verkefni við ritun texta. Kannski verður að finna rithöfunda fram-tíðarinnar í þessum hópi.



NAGLADEKKIN ERU SLÍTANDI

Eftir 15. apríl er óheimilt að aka á nagladekkjum.

SUMARIÐ ER Á NÆSTA LEITI



Sól, sandur og sjór í Hellinum

Þrátt fyrir að árstíðaskiptin úr vori í sumar hafa ekki enn átt sér stað og sólin lætur enn bíða eftir sér, gerðu krakkarnir í Hellinum sér lítið fyrir og skelltu sér í sólbað í Nauthólsvík.

Því miður breiddu skýjabakkarnir

vel yfir himininn og földu sólina að mestu fyrir sólstrandargæjunum sem voru í þvilkum gir. Það hafði enginn áhrif á krakkana sem skelltu sér í úlpur og nutu samverunnar í Nauthólsvík. Sólstrandagæjarnir fundu sér margt til dundurs á

ströndinni eins og að liggja í sólbaði, skoða skeljar og búa til stíflur og vatnsveitur í sjónum.

Myndirnar eru frá útiveru Helliskrakkanna í Nauthólsvík.



Fellaskóli

Fleiri nemendur spila með skólahljómsveitinni

Nemendum úr Fellaskóla sem spila með Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts hefur fjölgað úr einum í a.m.k. 10 á liðnum vetri. Það voru stoltir og glaðir nemendur sem tóku þátt tónleikum sveitarinnar í Fella- og Hólakirkju í mars sl.

Stjórnanda hljómsveitarinnar fannst tilefni til að þakka Ingu Björgu Stefánsdóttur deildarstjóra í Fellaskóla sérstaklega fyrir að styðja nemendur úr skólanum til að taka þátt í hljómsveitinni. Inga fékk fallegan blómvönd en gat því miður ekki verið viðstödd tónleikana.



Frá tónleikum skólahljómsveitarinnar.



borgarbokasafn.is [Borgarbokasafnið](https://www.facebook.com/Borgarbokasafnið) [@borgarbokasafn](https://www.instagram.com/borgarbokasafn)

Sumarstarf í Breiðholti

ALLAR NÁNARI
UPPLÝSINGAR OG
SKRÁNING Á
WWW.FRISTUND.IS

Sumarfrístund í Álheimum, Bakkaseli, Hraunheimum, Regnboganum, Vínheimum og Vínaseli. Fjölbreytt þematengt starf fyrir börn fædd 2014-2011

Hundraðþellefu, Hólmasel og Bakkinn bjóða upp á sumarsmiðjur fyrir 10-12 ára börn fædd 2010-2008 og sumaropnun fyrir unglunga.



Félagsmiðstöðin Hellirinn býður upp á námskeið fyrir börn og unglunga með fötlun fædd 2005-2010



MIDBERG
FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar og formaður borgarráðs skrifar

Þjónusta við fingurgómana



Pórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Við ætlum að sækja um á ungbarnadeild fyrir yngsta barnið. Á yfirlitiskorti í Reykjavíkurrappinu yfir alla leikskóla borgarinnar sjáum við strax hvar biðlistinn er stystur. Við sækjum því um á leikskóla sem er í nálægð við vinnu en ekki heimili, til að barnið komist fyrr að. Um leið er hakað við ósk um að það flytjist við fyrsta tækifæri í hverfisleikskólann, þar sem miðjubarnið er fyrir.

Í appinu rennum við yfir matseðilinn í grunnskólanum fyrir næstu viku og staðfestum hvenær elsta barnið ætlar að borða og merkjum við í dagatalið okkar hvenær eigi að senda það með nesti. Við erum búin að haka við að miðjubarnið sé með óþol og ofnæmi fyrir hinu og þessu og þess vegna fær það sérfaði í leikskólanum.

Undir upplýsingum um mat getum við líka pantað matinn fyrir afa og ömmu, sem muna ekki alltaf eftir því að panta sér mat. Því er gott að vera komin með umboð fyrir þau. Panta kjöt-, fisk- og grænmetis máltíðirnar sem þau fá sendar heim.

Fjárfesting í tækni snýst um þjónustu

Reykjavíkurborg er ekki búin að þróa þetta app. En þangað viljum við fara, hvort sem það verður app eða eitthvað annað. Að það verði einfalt að óska eftir þjónustu, fylgjast með stöðu mála og að eiga í samskiptum við borgina. Þess vegna höfum við ákveðið að setja 10 milljarða í stafræna þjónustu borgarinnar á næstu þremur árum.

Sem hluta af Græna planinu ákváðum við að hraða stafrænni umbyltingu Reykjavíkurborgar. Við forgangsröðun stafrænna verkefna horfum við sérstaklega til þess hvort lausnin muni leiða til hagkvæmari rekstrar hjá borginni og fækka handtökum og margskráningum. Í kjölfarið getum við svo nýtt starfskrafta borgarinnar enn betur. Það sáum við þegar umsókn um fjárhagsaðstoð var gerð stafræn og starfsmenn gátu einbeitt sér enn frekar að einstaklingsbundinni ráðgjöf. Þannig getur stafræn framtíð haft margfeldisáhrif á þá þjónustu sem hægt er að veita.

Tökum framtíðinni fagnandi

Við viljum fjárfesta í framtíðinni. Þeirri framtíð þar sem borgarþáttar þurfa ekki að mæta á einhvern sérstaka stað, á sérstökum tíma og bíða eftir að sérstakur starfsmaður verði laus til viðtals. Framtíð þar sem hægt er að óska eftir þjónustu þar sem okkur hentar, hvort sem við erum heima hjá okkur, að bruna um borgina í Borgarlínunni eða í göngutúr um Elliðaárdalinn. Og þegar ekki er hægt að leysa málin á svo einfaldan hátt, þá sé það einfalt að óska eftir að starfsmaður hafi samband til að leysa úr málum.

Stafræn umbreyting Íslands er rétt að hefjast. Til að hún heppnist sem best á

Reykjavíkurborg í samstarfi við Stafrænt Ísland, ríkið og önnur sveitarfélög. Með samstarfi

getur hið opinbera sparað þróunarkostnað en veitt íbúum bestu mögulegu lausnir. Þar

vill Reykjavík vera í fararbroddi og veita þjónustu á forsendum notenda en ekki kerfisins sjálfs.

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur um forvarnir



Ríkislögreglustjórnin

RECARO

Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Skemmtileg sumarnám-
skeið og vinnuskóli

Þegar líður að lokum skólaársins þurfa foreldrar, börn og unglingar að huga að þátttöku í sumar í uppbyggilegu íþrótt- og frístundastarfi. Þátttaka í slíku sumarstarfi er mikilvæg fyrir öll börn og unglinga sem geta komið því við að taka þátt. Fátt er skemmtilegra en að fást við skemmtileg og áhugaverð verkefni á sumarnám-
skeiðum t.d. í íþróttum, tónlist eða leiklist í góðum félagskap undir stjórn fullorðinna leiðbeinenda.



Práinn Hafsteinsson.

Þá má ekki gleyma mikilvægi sumarnámsskeiðanna í forvörnum en rannsóknir hafa sýnt að þeir unglingar sem taka þátt í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi yfir sumartímann eru síður líklegir til að reykja, verða ölváðir eða neyta fíkniefna en þeir sem ekki taka þátt í slíku starfi á sumrin. Foreldrar eru því hvattir til að gefa börnum sínum og unglingum tækifæri og hvatningu til þátttöku. Fjöldi námskeiða á vegum frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs, íþróttafélaganna ÍR, Leiknis og Ægis standa til boða í Breiðholtinu auk námskeiða annarra aðila.

Upplýsingar um sumarnámsskeið er að finna á vefnum www.fristund.is

Öllum unglingum í 8.-10. bekk í Reykjavík stendur til boða að skrá sig í Vinnuskólann. Þar stunda unglingarnir vinnu í ákveðinn tíma á dag og í ákveðinn vikufjölda yfir sumarið undir stjórn fullorðinna flokkstjóra. Unglingarnir fá laun fyrir sína vinnu sem getur verið allt frá garðyrkju yfir í að vera aðstoðarleiðbeinendur á sumarnámsskeiðum yngri barna.

Upplýsingar um skráningu í vinnuskólann er að finna á vefnum: www.vinnuskoli.is

Gleðilegt sumar.

Práinn Hafsteinsson.

Verkefnastjóri frístunda og félagsauðs.

Þjónustumiðstöð Breiðholts.

SmíðaVík
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri,
bæta þéttingu glugga og hurða,
lagfæra glugga og hurðir
eða skipta því út fyrir nýju
erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is

sími 898-0503

Guðlaugur



Getraunarnr. 111

Leiknir var stofnað 1973



www.leiknir.com

Austurbergi 1, Efra Breiðholtí

Óskar eftir sjálfboðaliðum í sumar

Eins og flestum er kunnugt um mun meistaraflokkur Leiknis spila í Pepsi Max deild karla sumarið 2021 í annað skiptið í sögu félagsins. Skrefið úr næst efstu deild upp í þá efstu er stórt, bæði innan vallar sem utan og er það okkur mikið kappsmál að umgjörðin í kringum liðið sé eins og best verður á kosið.

Sjálfboðaliðastörf eru því gríðarlega mikilvægir og biðla nú forráðamenn Leiknis til stuðningsmanna og velunnara félagsins að hjálpa til við þá umgjörð sem hafa þarf í kringum heimaleiki liðsins í sumar. Verkefnin eru margvísleg en á sama tíma áreynslulaus. Margar hendur gera létt verk.

Leiknismenn á
landsliðsæfingum

Tveir efnilegir leikmenn Leiknis eru á leið á landsliðsæfingar á komandi dögum.

Gísli Alexander Ágústsson fór á æfingar með U15 landsliðinu 26. til 28. apríl en æft var í Kaplakrika í Hafnarfirði. Róbert Quental Árnason fer á æfingar með U16 landsliðinu 28. til 30. apríl en æft verður í Kaplakrika í Hafnarfirði. Þá verður æfingaleikur í Kórnum.



Manga Escobar til Leiknis

Kólumbíumanninn Manga Escobar er að ganga til liðs við Leikni en fyrri á ætlanir um komu hans áætlanir runnu út í sandinn vegna síðustu Covid fótboltastöðvunar.

Manga er klár í slaginn og mun spila með Leikni í sumar. Hann hefur spilað undanfarna æfingaleiki. Hann er 29 ára vinstri kantmaður sem á að fylla skarð Vuk. Manga hefur víða komið við á sínum ferli en hann hóf feril sinn í Deportivo Cali áður en Dynamo Kiev frá Úkraínu keypti leikmanninn. Hann hefur meðal annars spilað fyrir Vasco da Gama og var í yngri landsliðum Kólumbíu.

Spennandi verður að sjá hvernig hann nær að lita íslenska boltann.



Manga Escobar og Leiknisfáninn.

Valgerður Sigurðardóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðis-
flokksins skrifar

Áhersla á öll hverfi

Sumarið er handan við hornið, öll erum við spennt fyrir þeim kaflaskilum sem sumarið mun vonandi færa okkur. Þau kaflaskil eru að lífið með COVID á Íslandi er vonandi að klárast. Við erum að fara að kveðja það líf sem hefur einkennt allar okkar athafnir í meira en ár. Það er þó ekki fyllilega útséð með hvenær lokið verður að bólusetja alla Íslendinga. Það er stóra verkefnið sem er framundan að ganga frá kaupum á bóluefni og fá það til landsins sem fyrst, þannig að við getum farið að kveðja þetta furðulega ástand sem hefur skapast vegna COVID. Reykjavíkurborg getur þó gert ýmislegt til þess að færa meira líf í öll hverfi borgarinnar sumarið 2021 þó svo að ekki allir hafi fengið bólusetningu.

Heimboð í hverfi borgarinnar

Það er mikilvægt þegar við förum að huga að sumri að á þessu ári geri Reykjavíkurborg breytingar. Færa þarf meira líf út í öll hverfi borgarinnar. Gefa sem flestum tækifæri á því að geta komið og notið menningarviðburða í sínu nærumhverfi og um leið boðið öllum íbúum í heimsókn í mismunandi hverfi Reykjavíkur ef sóttvarnaraðgerðir gefa okkur færi á því. Það er nefnilega þannig að borgin okkar hefur upp á svo margt að bjóða og við þurfum oft ekki að leita langt til þess að upplifa eitthvað nýtt. Hvort svo sem það

er að sækja skipulagða dagskrá, prófa nýja sundlaug eða nýja gönguleið. Það er mikilvægt að við færum líf í öll hverfi borgarinnar aukum með því fjölbreytni og kynnum hverfin fyrir öðrum.

17. júní fagnað í öllum
hverfum

Reykjavík á öll að iða af Sumarið 2021, þar kemur Reykjavíkurborg inn með því að skipuleggja menningarviðburði út um alla borg og auðvelda þeim sem vilja skipuleggja viðburði í sínum hverfum að gera það. Þetta er stóra verkefni hjá Reykjavíkurborg fyrir sumarið 2021. Við Sjálfstæðismenn lögðum það til að 17 júní hátíðarhöld myndu verða útfærð í öllum hverfum borgarinnar. Það er ákaflega ánægjulegt að meirihlutinn í Reykjavík tók vel í þá hugmynd og því eigum við von á að geta sótt skipulega dagskrá í öllum hverfum borgarinnar 17 júní. Það er því ánægjulegt að íbúar Reykjavíkur munu á komandi sumri hafa aukin tækifæri til þess að njóta menningarviðburða í sínum hverfum.



Valgerður Sigurðardóttir.

Alexandra Íslandsmeistari unglunga í keilu

Alexandra Kristjánsdóttir úr ÍR varð nýlega Íslandsmeistari unglunga í opna stúlknaflökkinum. Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir úr ÍR varð síðan í 3. sæti í sama flokki.

Aron Hafþórsson úr ÍR varð síðan í 3. sæti í opna flokki pílta. Keppt var alls í fimm flokkum bæði pílta og stúlkna. Auk þess fóru fram úrslit 3. meðaltalshæðs-tu í pílta- og stúlknaflökki sem gefur Íslandsmeistartitil unglunga.

Alexandra Kristjánsdóttir í miðju með verðlaunagripi sína.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

GETRAUNANÚMER ÍR

109

ÍR með tvö gull á vormóti JSÍ eldri

Tveir keppendur frá ÍR kepptu á vormóti JSÍ eldri 2021. Gísli Egilson í undir 81 kg flokki og Matthías Stefánsson í undir 100 kg flokki.

Þeir unnu báðir sína flokka. Matthías vann sinn flokk með yfirburðum. Fyrri glímuna vann hann með því að sækja í hane-makikomi en andstæðingurinn kastaði sér niður til að koma í veg fyrir kastið. Matthías lét það ekki stoppa sig og fylgdi vel á eftir og tók hann beint í fastatak sem hann sigraði á.

Í seinni glímunni náði hann waza-ari á fyrstu sekúndum glímunnar eftir að hafa kastað með ashi-guruma og fylgdi hann vel eftir í gólfið, náði þar juji-gatame og sigraði.



Rees Greenwood gengur til liðs við ÍR

Knattspyrnudeild ÍR hefur samið við enska leikmanninn Rees Greenwood um að spila með liðinu á komandi tímabili.

Í tilkynningu knattspyrnudeildar segir:

Þær fréttir getum við nú flutt ykkur að enski knattspyrnumaðurinn Rees Greenwood hefur skrifað undir samning við knattspyrnudeild ÍR um að leika með félaginu í 2. deildinni sumarið 2021.

Rees kemur úr norðausturhluta Englands, var ungur valinn í akademíu Sunderland FC og lék með þeim allt upp í aðallið þar sem hann náði m.a. Úrvalsdeildarleik á þeim tíma sem Big Sam Allardyce var við stjórnvölinn.



ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR

Eignaumsjón 20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun



• EIGNAumsjón

20 ára

Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími 585 4800
thjonusta@eignaumsjon.is
eignaumsjon.is



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnabjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is



MotorMax

Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00


**ENGAR
TÍMAPANTANIR!**



Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímabantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: motormax@motormax.is



Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is